Arctic Coast Way
Norðurstrandarleið

# AKUREYRI

www.visitakureyri.is



Akureyrarkirkja er helsta kennileiti bæjarins, hönnuð af Guðjóni Samúelssyni húsameistara ríkisins. Kirkjan var vígð 1940. Af öðrum verkum Guðjóns á Akureyri má nefna Rósenborg (áður Barnaskóli Akureyrar) og gamla húsmæðraskólann við Þórunnarstræti 99.

Akureyri Church is the town's best known landmark, designed by Iceland's state master architect among whose other works are Rósenborg (previously Akureyri Primary School) and the old domestic science school.

## HÖFUÐSTAÐUR NORÐURLANDS

er stærsta og fjölmennasta sveitarfélagið utan höfuðborgarsvæðisins. Þar búa ríflega 19.000 manns (2020).
Helgi magri og Þórunn hyrna námu hér fyrst land á 9. öld. Elstu heimildir um nafnið Akureyri eru frá 1562, en þá féll dómur á staðnum yfir konu fyrir að hafa sængað hjá karli án þess að hafa giftingarvottorð.
Árið 1778 var fyrsta íbúðarhúsið reist á staðnum og varanleg búseta hófst. Átta árum síðar fékk bærinn kaupstaðarréttindi. Akureyri missti kaupstaðarréttindin 1836 en náði þeim aftur 1862. Bændur í Eyjafirði voru þá farnir að bindast samtökum til að styrkja stöðu sína gagnvart dönsku kaupmönnunum og fljótlega var Kaupfélag Eyfirðinga (KEA) stofnað. KEA átti mikinn þátt í vexti bæjarins. Á vegum þess voru rekin mörg iðnfyrirtæki í bænum sem sérhæfðu sig í úrvinnslu landbúnaðarafurða.
Á síðasta áratug 20. aldar tók samfélagið miklum breytingum. Framleiðsluiðnaður sem hafði verið grunnurinn undir atvinnulíf bæjarbúa lét undan síga. Sjávarútvegur, verslun, þjónusta, ferðaþjónusta og skólar bæjarins, m.a. Háskólinn á Akureyri, hafa nú komið í stað iðnaðarins að miklu leyti.
Akureyri er þekkt fyrir blómlegt menningarlíf og þar er rekið eina atvinnuleikhúsið utan höfuðborgarsvæðisins, Leikfélag Akureyrar, sem hefur starfsemi bæði í gamla Samkomuhúsinu og í Menningarhúsinu Hofi. Í Hofi hefur Sinfóníuhljómsveit Norðurlands jafnframt aðsetur sitt. Listasafnið á Akureyri býður upp á áhugaverðar listsýningar allan ársins hring og af öðrum söfnum í bænum má nefna Minjasafnið og Iðnaðarsafnið. Sundlaug Akureyrar er margrómuð og einn vinsælasti viðkomustaður bæjarins sem og skíðasvæðið í Hlíðarfjalli sem nýtur mikilla vinsælda yfir vetrartímann.
Hríseyjarhreppur sameinaðist Akureyrarbæ árið 2004 og Grímseyjarhreppur árið 2009.

## THE CAPITAL OF THE NORTH

with over 19,000 inhabitants (2020), is the largest and most populous municipality outside Reykjavík. The area was first settled in the 9th century by the couple Helgi the Lean and Þórunn Hyrna. The oldest records of the name Akureyri date from 1562 in a judicial document where judgement was passed on a woman for having slept with a man without being in possession of a marriage certificate.
In 1778 the first dwelling house was built, marking the foundation of permanent residence. Eight years later, Akureyri was legally registered as a trading post, but lost this status temporarily in 1836, regaining it in 1862. During this period Eyjafjörður farmers formed an association aimed at strengthening their position viz-a-viz the Danish merchants. Soon afterwards the Eyjafjörður Co-operative Society (KEA) was founded, providing a catalyst for the rapid growth of the town, by establishing locally several industrial operations which specialised in processing agricultural products.
The last decade of the 20th century saw several major transformations in the community; industry, long the mainstay of the town, began to give way and was now largely replaced by fishing and fish processing, commerce, services, tourism and educational establishments such as the University of Akureyri.
Akureyri is well-known for its thriving cultural life. The only professional theatre company outside Reykjavík, the Akureyri Theater Company, operates both in the town's original community centre and in the recently built Hof Cultural and Conference Centre which also houses the North Iceland Symphony Orchestra (SinfoniaNord). The Akureyri Art Gallery stages a variety of art exhibitions all year round. Akureyri also has historical and industrial museums. Akureyri Geothermal Pool is widely acclaimed and, like Hlíðarfjall ski slopes in winter, is among the most popular attractions.
Hrísey municipality merged with Akureyri in 2004 as did Grímsey municipality in 2009.



Styttu af landnámsfólkinu Helga margra og Þórunni hyrnu eftir listamanninn Jónas S. Jakobsson má finna á Hamarskotsklöppum. Stutt þar frá má finna bæði Helgamagrastræti og Þórunnarstræti sem nefnd eru eftir þeim, auk þess að leikskólinn Hólmasól er nefndur eftir dóttur þeirra sem telst vera fyrsti Eyfirðingurinn.

Helgi the Lean and Þórunn hyrna. The statue of Eyjafjörður's first settlers by artist Jónas S. Jakobsson is at the viewpoint Hamarskotsklappir (Hamarskot Crags). Close by are two streets bearing their names. One is Helgamagrastræti and the other Þórunnarstræti. The kindergarten Hólmasól is named after their daughter, the first indigenous inhabitant of Eyjafjörður.



Skjaldarmerki Akureyrarbæjar. Í Heimskringlu Snorra Sturlusonar segir frá Landvættunum fjórum. Þar segir frá Haraldi konungi sem sendi mann til Íslands til að kanna aðstæður. Hann fór til Íslands í hvalslíki, synti í kringum landið og rakst á leið sinni á margar furðuverur. Við Eyjafjörð tók á móti honum fugl svo stór og mikill að vængirnir náðu á milli tveggja fjalla.

The Arms of Akureyri Municipality. Snorri Sturluson's Heimskringla (Orb of the World) tells us of Iceland's Four Guardians. The story goes that King Harold of Norway sent his representative to Iceland to take stock of the situation. The messenger travelled to Iceland as a whale, meeting several weird creatures on his way. In Eyjafjörður he saw a gigantic bird whose wingspan extended between the mountains on either side of the fjord.




Safnaflóran á Akureyri er afar fjölbreytt og tæki eflaust nokkra daga að skoða vel allt sem þar er til sýnis hverju sinni. Söfnin og sýningar í bænum fylla tuginn og eru flest þeirra í gamla Innbænum.

Akureyri has an abundant flora of museums and to view them all thoroughly would probably take several days. There are almost a dozen museums and exhibitions in the town, mostly in Akureyri's oldest southern quarter.




*The Arctic Coast Way leaves the much-travelled routes behind and invites you to discover the northern edge of Iceland. Here are about 900 km waiting to be explored, including 21 villages, 5 islands and 6 peninsulas.*
*The Arctic Coast Way invites you to slow down and unwind and to immerse yourself in the energy of elemental nature, observe outstanding wildlife habitats and experience a different way of life. It connects you to authentic coastal villages and people whose stories and culture are shaped by life on the edge, so close to the Arctic Circle.*

### ÓMISSANDI / MUST SEE

- Akureyrarkirkja / Akureyri Church
- Hvalaskoðun / Whale watching
- Lystigarðurinn / Botanical Gardens
- Súlur / Mt Súlur
- Glerárgil / Glerárgil Canyon
- Innbærinn / Old town
- Söfnin /Museums
- Akureyrarsundlaug / Geothermal pool
- Hlíðarfjall / Mt. Hlíðarfjall ski area
- Hjörtun / Hearts in traffic lights
- Samkomubrúin / Rendevouz bridge

## HEIMAMENN SEGJA FRÁ

Var töluð danska á Akureyri á sunnudögum? Hlustaðu á sögu frá Tryggva Gíslasyni, fyrrverandi skólameistara Menntaskólans á Akureyri.

## LOCAL STORY

Did people in Akureyri speak Danish on Sundays? Listen to a story from Tryggvi Gíslason, the former headmaster of Akureyri Junior College. He lived in Akureyri for many years and knows many interesting stories.

## TRAVEL GREEN

**Please help us to keep Iceland clean!**

- The nearest public toilets are in the Art Museum / Hof Cultural and Conference Centre
- The nearest public recycling bins are in the Town centre
- Use a campsite for a sleep out under the stars. Wild camping is forbidden.
- Do not buy bottled water - our tap water is fresh, clean and drinkable
- Do not drive off-road. It is strictly forbidden
- Stay on hiking trails and respect trail limits to protect vegetation, soil and wildlife sites
- Respect restricted natural areas during bird breeding
- Do not damage sensitive moss and lichen

arcticcoastway.is

supported by: SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS VESTRA · SÓKNARÁÆTLUN NORÐURLANDS EYSTRA UPPBYGGINGARSJÓÐUR · Visit North Iceland THE ARCTIC NORTH